

Breyting á gjaldskrá og niðurgreiðslum til dagforeldra á árinu 2018

Laun félagsmanna í aðildarfélögum SGS sem starfa hjá sveitarfélögum hækkuðu um 1,4 prósent frá síðustu áramótum (1. janúar 2018) vegna samkomulags um að launaþróun opinberra starfsmanna verði ekki lakari en á almennum vinnumarkaði. Reglulega er skoðað hvort bæta þurfi opinberu starfsfólki upp launaþróun á almennum markaði og þetta var niðurstaðan að þessu sinni.

Samningar við dagforeldra eru með tengingu við kjarasamning Einingar/löju (lf. 119) og eiga því að taka breytingum samkvæmt umræddu samkomulagi. Þessi ákvörðun lág hins ekki fyrir fyrr en í byrjun marsmánaðar en er afturvirktil til 1. janúar 2018.

Lagt er til að sveitarfélagið beri kostnað af umræddri 1,4% hækkun frá síðustu áramótum og halda því greiðslur foreldra óbreyttar út maímánuð 2018. Áætlað er að kostnaðarauki Akureyrarbæjar vegna þessa sé um 2 m.kr. vegna ársins 2018. Ekki er lagt til að óskað verði eftir viðauka vegna þessa viðbótarkostnaðar að sinni heldur horft til þess hvort umrædd hækkun geti mögulega rúmast innan fjárhagsáætlunar.

Kjarasamningur Einingar/löju hækkar svo um 2% 1. júní n.k. og var við fjárhagsáætlunargerð ársins miðað við að sú hækkun næði bæði til foreldra og bæjarins.

Meðfylgjandi eru tillögur að gjaldskrá dagforeldra 1. janúar 2018 og 1. júní 2018. Til samanburðar fylgir einnig með nógildandi gjaldskrá 1. júní 2017.